



Skýrsla um innra mat Kópavogsskóla fyrir skólaárið 2019-2020

Júní 2020

Björk Hlöðversdóttir
Elísabet Pétursdóttir
Guðmundur Ásmundsson
Jóhannes Larsen
Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir

Inngangur	3
Markmið og áherslupættir	3
Teymi og áætlun skólaárið 2019-2020	4
Verkpættir skólaárið 2019-2020	6
Kannanir námsráðgjafa	7
Skólapúlsinn 2019-2020	8
Starfsmannakönnun	8
Starfið	8
Starfsmenn	8
Vinnustaðurinn	9
Stjórnun	9
Kennarar - kennarastarfið	10
Kennarar - starfsumhverfi kennara	10
Kennarar - símenntun kennara	11
Opin svör	11
Nemendakönnun	11
Virkni nemenda í skólanum	12
Líðan og heilsa	12
Skóla- og bekkjarandi	13
Opin svör	13
Starfsmannasamtöl	13
Foreldrasamtöl	14
Þróunarstarf í Kópavogsskóla	14
Könnun á vímuefnaneyslu unglinga	15
Niðurstöður samræmdra prófa	15
4. bekkur:	15
7. bekkur:	16
9. bekkur:	16
Lesferill	17
Umbótaáætlun 2020-2021	18
Innra mat skólaárið 2020-2021	20
Innra mat – áætlun 2019-2022	21
Lokaorð	21

Inngangur

Innra mat Kópavogsskóla er unnið í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Í lögnum kemur fram að skólum er ætlað að skoða innra starf sitt með markvissum hætti og nýta til þess þau gögn sem verða til í skólastarfinu. Í þessari skýrslu er lýsing á því innra mati sem fór fram í Kópavogsskóla skólaárið 2019-2020. Innra mat er ferli þar sem skólinn aflar upplýsinga um starfsemi sína, leggur mat á hana og íhugar í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks. Í henni er farið yfir markmið matsins og gildi Kópavogsskóla auk sjálfs vinnuferlisins og verkáætlun vegna matsins.

Á hverju skólaári leggur námsráðgjafi tengslakönnun fyrir nemendur og einnig könnun á líðan og einelti. Fjallað er um þær niðurstöður í skýrslunni. Kópavogsskóli nýtir sér vefkerfið Skólapúlsinn til að spyrja nemendur, foreldrar og starfsmenn út í ýmsa þætti skólastarfsins. Á skólaárinu var Skólapúlsinn nýttur til að afla upplýsinga frá nemendum og starfsmönnum en að auki voru starfsmannaviðtöl nýtt til að fá fram viðhorf starfsmanna. Skólastjórnendur skiptu viðtölunum á milli sín með þeim hætti að deildarstjóri sérúrræða ræddi við sérkennara og deildarstjórar stiga ræddu við umsjónarkennara á viðkomandi stigi. Skólastjóri ræddi við aðra starfsmenn auk list- og verkgreinakennara. Í einstaka tilfellum voru undantekningar enda starfsmönnum gefinn kostur á að ræða við þann stjórnanda sem þeir kusu. Fjallað er um helstu niðurstöður úr þessum athugunum í skýrslunni og einnig er fjallað um úrbætur á skólastarfinu í tengslum við niðurstöður þess mats sem gert var á skólaárinu 2018-2019 og þeirri umbótaáætlun sem varð til í framhaldi af því. Að lokum er farið yfir fyrirhugað mat á skólaárinu 2020-2021.

Markmið og áherslupættir

Markmið innra matsins er að fá fram margvíslegar upplýsingar um skólastarfið og leitast við að styrkja sterka þætti og bæta úr þeim þáttum sem betur mega fara. Í báðum tilvikum er hægt að vinna að úrbótum, efla það sem vel gengur og bæta það sem kemur verr út. Innra mat er einnig leið til þess að sýna helstu hagsmunaaðilum fram á gæði skólastarfsins.

Þeir þættir sem lögð er áhersla á að skoða eru:

- jákvæður starfsandi
- agi í framkomu og vinnubrögðum
- verkefni taki mið af hæfni og getu einstaklinga
- gagnkvæm virðing í samskiptum

- virk samvinna sem byggist á ábyrgð hlutaðeigandi
- gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimilis og skóla og innan skóla

Spurningar Skólapulssins falla vel að þáttunum hér fyrir ofan og nánari upplýsingar um Skólapulssinn má finna á upplýsingasíðu þeirra, <http://skolapulssinn.is/um/>.

Þegar „Uppeldi til ábyrgðar“ var valin sem uppeldisstefna skólans á sínum tíma var það gert m.a. í þeim tilgangi að byggja skólastarfið á jákvæðni og góðum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins. Reglulega eru námskeið með utanaðkomandi sérfræðingum til að viðhalda vinnunni og einnig er starfandi teymi sem styður starfsmenn í að vinna samkvæmt stefnunni. Lokamarkmiðið er að öll samskipti mótist af virðingu og jákvæðni og að allt skólastarfið gangi fyrir sig á sem uppbyggilegastan hátt. Í þeim könnunum sem eru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn með reglulegum hætti er reynt að drag fram hvernig til hefur tekist og ráðast í umbætur eftir að niðurstöður hafa verið greindar. Vinnan við umbæturnar er skipulögð af teymi um innra mat og verkferlar unnir með tilliti til hvers þáttar.

Teymi og áætlun skólaárið 2019-2020

Í teymi um innra mat sátu á skólaárinu Björk Hafliðadóttir kennari, Elísabet Pétursdóttir námsráðgjafi, Guðmundur Ásmundsson skólastjóri, Jóhannes Larsen fulltrúi foreldra, Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir kennari/deildarstjóri, Nökkvi Gunnarsson fulltrúi nemenda, Guðrún Lilja Ingvarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Guðmundur Ásmundsson skólastjóri ritaði drög að skýrslu og gekk frá endanlegri gerð hennar eftir yfirlestur og ábendingar teymisins. Guðrún Lilja og Nökkvi komu ekki að gerð skýrslunnar. Ýmsir kennarar komu að fyrirlögn kannananna en verða ekki tíundaðir hér.

Fundir teymis um innra mat:

- Fundur 13. september 2019
- Fundur 21. feb. 2020
- Fundur 4. maí 2020
- Fundur 10. júní

Í framhaldi af niðurstöðum innra mats fyrir skólaárið 2018-2019 var ákveðið að huga sérstaklega að eftirtöldum atriðum í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2019-2020.

Efnispáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
-------------	-----------	--------	-------	---------------

Áfram verður lögð áhersla á samskipti og unnið markvisst með „Uppeldi til ábyrgðar“ undir stjórn stýrihópsins.	Fræðsla um samskipti og unnið með árgangasáttmála, mitt og þitt hlutverk og þarfirnar	Stýrihópur um Uppeldi til ábyrgðar	Alltaf virkt	Mat lagt á stöðuna á reglulegum stigsfundum
Unnið markvisst með líðan og samskipti nemenda og starfsmanna. Áhersla verður lögð á að efla tengsl nemenda og umsjónarkennara	Kennarar ræði markvisst við nemendur og mikilvægi jákvæðra samskipta í samvinnu við teymi um innra mat	Skólastjórnendur	Alltaf virkt	Á deildafundum verði líðan og samskipti metin í samtali kennara viðkomandi stigs
Skólastjórnendur auki tíðni heimsóknna í kennslustofur til að fylgjast með starfinu og ræða við kennara um kennsluna.	Heimsóknir skólastjórnenda í kennslustofur skipulagðar til lengri tíma og tryggt að allir verði heimsóttir. Minnispunktur skráðir í hverri heimsókn og rætt við kennara í framhaldinu	Skólastjóri	Maí 2020	Mat lagt á gagnsemi heimsóknarinnar í starfsþróunarsamtali viðkomandi kennara.

Starfsþróunaráætlun skólans nái yfir skólamenningu og vinnu með hana	Starfsþróunaráætlun yfirfarin og skipulögð til ársins 2022	Skólastjórnendur	Nóvember 2019	Starfsþróunaráætlun kynnt skólaráði og kennurum eftir uppfærslu
Áherslupættir skólastefna Kópavogsskóla 2016-2018 yfirfarnir	Metið hvernig til hefur tekist við skólastefnuna og hún uppfærð til ársins 2022	Teymi um innra mat	Mars 2020 Frestað vegna COVID	Endurskoðuð skólastefnan borin undir alla aðila skólasamfélagsins eftir endurskoðun.

Verkpættir skólaárið 2019-2020

- Kynning á niðurstöðum fyrir skólaárið 2018-2019 - **lokið**
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur - **lokið**
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsmenn - **lokið**
- Könnun námsráðgjafa á einelti og líðan (lögð fyrir í öllum árgöngum) – **lokið** (nema tengslakönnun 2 sem er lögð fyrir valda hópa)
- Skólastjórnendur hitta foreldra barna í hverjum árgangi og ræða málefni árgangsins – **náðist ekki** vegna þjóðfélagsaðstæðna, frestast til haustsins 2020
- Reglulegir fundir með stjórn foreldrafélags skólans - **virkt**
- Umræðufundir kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi um kennsluhætti og þróun á viðkomandi stigi - **virkt**
- Kennarafundum skipt upp og hluti faglegrar umræðu aukinn - **virkt**
- Formleg samtöl skólastjórnenda við starfsmenn – **lokið að stærstum hluta**
- Umræðufundir í framhaldi af niðurstöðum kannana vetrarins – **ólokið***
- Niðurstöður samræmdra prófa (tilbúnar fyrir 4., 7. og 9. bekk) - **lokið**
- Lesferill (niðurstöður fyrir sept. og jan., maí) - **lokið**

*seinasta fyrirlögn nemendakönnunar frestaðist frá apríl til loka maí og fundirnir færast til upphafs skólaársins 2020 -2021.

Kannanir námsráðgjafa

Þó skólaárið hafi verið einstakt vegna COVID-19 gat námsráðgjafi haldið sínu striki að mestu. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna þeim í málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Meðal verkefna náms- og starfsráðgjafa má nefna persónulegan og félagslegan stuðning við nemendur, hvort heldur í hóp eða einstaklingslega, ráðgjöf varðandi vinnubrögð í námi o.fl. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara, skólasálfræðing og hjúkrunarfræðing skólans ásamt aðilum utan skólans eins og sálfræðingi heilsugæslunnar. 249 nemendur komu til náms- og starfsráðgjafa í vetur, alls 748 heimsóknir. 46% þeirra sem komu til náms- og starfsráðgjafa voru strákar, 54% stelpur. 47% mála tengdust persónulegri ráðgjöf, 14% tengdust náms- og starfsfræðslu og 13% tengdust náms- og starfsráðgjöf. Um 17% skráninga tengdust fundum með nemendum, kennurum, foreldrum og/eða öðrum fagaðilum. Önnur mál tengjast m.a. hópráðgjöf, símaviðtölum við foreldra og aðstoð við nemendur í prófum.

Tengslakönnunin Sometics er að þróast, en skólinn er áskrifandi að þessu bandaríska kerfi sem er rafræn tengslakönnun. Þar er sífellt verið að bjóða upp á fleiri möguleika og er eftirvinnsla lítil sem engin, niðurstöður birtast um leið og könnunin er tekin. Þarna er hægt að skoða vinatengsl og líðan nemenda og sömuleiðis er hægt að hafa opnar spurningar. Einn megin kostur þessa forrits er að hægt er að fylgjast með breytingum á vinatengslum, bæði innan ársins og á milli ára.

Í vetur var þessi könnun lögð fyrir alla nemendur skólans. Í yngri bekkjum skólans (1.-4. bekkur) voru 1-4 nemendur teknir úr stofunni og lagt þannig fyrir en í eldri bekkjum (5.-10. bekk) tekur hver bekkur þetta á sína eigin spjaldtölvu.

Niðurstöður þessara kannana eru kynntar kennurum og skoðað hvort eitthvað komi fram sem þarf að bregðast við. Í kjölfar hittir námsráðgjafi þá nemendur sem þarf að skoða betur, annað hvort með tillit til tengsla eða líðan. Umbætur eru því gerðar strax í beinu framhaldi þess að niðurstöður liggja fyrir.

Sama er að segja um áhugasviðskönnunina Bendil sem er lögð fyrir nemendur 10. Bekkjar. Nemendur tóku könnunina á spjaldtölvuna sína og fá þá niðurstöður um leið og fyrirlögn er lokið. Næstu tvær vikur eftir fyrirlögnina voru nemendur boðaðir í viðtal vegna námsstöðu, ástundunar, vals á framhaldsskóla og útkomu úr áhugasviðskönnuninni. Nemendum var kennt að nota heimasíðu Bendils til þess að skoða starfalýsingar í tengslum við sitt áhugasvið. Sömuleiðis lærðu nemendur að nota síðurnar www.namogstorf.is og www.naestuskref.is til þess að skoða starfafjölskyldur

og lýsingu á störfum. Gengu þessu viðtöl mjög vel og nemendur áhugasamir. Margir nemendur komu oftár en einu sinni og meirihluti nemenda kom þar að auki í viðtal í maí till þess að ræða umsókn sína í framhaldsskóla.

Skólapúlsinn 2019-2020

Starfsmannakönnun

Könnunin var lögð fyrir í mars en starfsmönnum gafst kostur á að afpakka þátttöku og nokkrir gerðu það. Þegar könnunin var lögð fyrir var búið að setja á samkomubann vegna COVID-19 og fyrirlögnin því gerð við mjög sérstakar aðstæður. Fjöldi þátttakenda í könnuninni voru 59 og 51 starfsmaður svaraði. Starfsmenn skólans eru í heildina um 80 og því margir sem báðu um að vera ekki á þáttökulistanum. Niðurstöður könnunarinnar eru:

Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	5,3	50	-	4,8	2.473	0,5
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,7	50	-	4,9	2.469	-0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,7	50	-	4,9	2.474	0,8*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,6	50	-	5,2	2.473	0,4*

Þarna kemur fram að starfsmenn upplifa jákvæðar áskoranir í starfi og þar stiga kennarar heldur hærra en aðrir starfsmenn. Það snýst hins vegar við þegar rætt eru um ágreining um hlutverk, þar stiga aðrir starfsmenn hærra. Mikilvægt er að skoða hvað veldur og vinna með þenna þátt á næsta skólaári.

Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,1	50	-	5,0	2.451	0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,4	49	-	5,2	2.451	-0,8*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,5	50	-	5,0	2.450	0,5*

Starfsmannahópurinn í heild metur sig leikinn í starfi en um leið er skuldbinding til vinnustaðarins marktækt undir landsmeðaltali og báðir hópar jafnt. Þá virðast starfsmenn „taka vinnuna með sér heim“ því það er töluverð skörun vinnu og einkalífs.

Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,8	49	-	5,3	2.434	-0,5*
3.2. Stuðningur frá samstarfsfólki	4,9	50	-	5,1	2.422	-0,2
3.3. Stuðningur við nýsköpun	4,5	50	-	5,2	2.417	-0,7*
3.4. Mismunur	4,8	50	-	4,8	2.421	0,0
3.5. Einelti (þú)	2,0%	1 _{/49}	-	3,9%	84 _{/2413}	-1,9%
3.6. Einelti (annar en þú)	12,2%	6 _{/49}	-	10,8%	256 _{/2386}	1,4%
3.7. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	2,0%	1 _{/49}	-	3,8%	90 _{/2386}	-1,8%

Þegar starfsandi er skoðaður kemur í ljós að starfsandi kennara er nokkuð lægri en annara starfsmanna. Svör við spurnigunum er frekar miðlæg og munurinn miðað við landið í heils er marktækur. Það þarf að vinna með. Stuðningur við nýsköpun er einnig marktækt fyrir neðan landsmeðaltal og þarf að skoða. Þar er meðal annars spurt um frumkvæði starfsmanna og hvort þeir séu hvattir til að koma með tillögur til úrbóta.

Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,3	46	-	5,3	2.372	0,0
4.2. Sanngjörn forysta	5,3	47	-	5,3	2.365	0,0
4.3. Valdeflandi forysta	5,2	44	-	5,1	2.334	0,1
4.4. Ræktun mannauðs	5,1	48	-	5,3	2.369	-0,2
4.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	73,3%	33 _{/45}	-0,6%	77,8%	1909 _{/2433}	-4,5%
4.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	86,7%	26 _{/30}	10,8%	88,1%	1562 _{/1796}	-1,4%

Mælingarnar í þessum flokki eru nokkuð jafnar og ekkert sker sig úr.

Kennarar - kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	4,9	30	1,2	5,4	1.567	-0,5
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,1	31	0,8	4,9	1.567	0,2
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,1	29	0,3	5,0	1.415	0,1
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	52,8 mín	27	11,5 mín	41,3 mín	1.351	11,5 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	68,8%	22 _{/32}	-3,0%	69,3%	1099 _{/1594}	-0,5%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	45,2%	14 _{/31}	9,1%	48,5%	755 _{/1494}	-3,3%
5.7. Hópavinna í bekk	41,4%	12 _{/29}	3,1%	35,1%	456 _{/1414}	6,3%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	48,4%	15 _{/31}	6,0%	31,6%	463 _{/1501}	16,8%*
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	66,7%	20 _{/30}	15,2%	54,1%	797 _{/1536}	12,6%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	10,3%	3 _{/29}	-9,1%	12,9%	192 _{/1448}	-2,6%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	87,1%	27 _{/31}	27,6%	75,4%	1167 _{/1556}	11,7%
5.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	1	-	-	-	-

vekur athygli að ánægja með kennarastarfið hefur aukist mjög frá mælingu sem gerð var 2018 og einnig er einstaklingsvinna í bekk að mælast marktækt fyrir ofan landsmeðaltal. Þá hefur einstaklingsmiðuð kennsla tekið stökk frá því 2014 þegar hún mældist 35,5%.

Kennarar - starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,8	28	0,6	5,3	1.378	-0,5
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,8	27	0,0	5,4	1.353	-0,6
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,6	31	-0,0	5,0	1.533	0,6
6.4. Samráð um kennslu	4,5	30	-0,7	5,0	1.498	-0,5
6.5. Samvinna um kennslu	5,5	30	0,0	5,6	1.399	-0,1

Stuðningur við kennara vegna náms- eða hegðunarerfiðleika nemenda mælist nokkuð undir landsmeðaltali og faglegur stuðningur skólastjóra töluvert yfir landsmeðaltali.

Kennarar - símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	54,8%	17 _{/31}	10,7%	45,0%	697 _{/1520}	9,8%
7.2. Símenntunarbörf kennara	6,2	31	0,9	5,3	1.532	0,9*
7.3. Símenntunarbörf kennara (annað)	-	2	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	51,6%	16 _{/31}	3,0%	49,2%	777 _{/1535}	2,4%
7.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-	-
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	31	-	-	-	-

Símenntun hefur aukist undanfarin ár og má leiða líkum að því að aukið framboð á vegum Kópavogsbæjar hafi þar töluvert að segja. Árið 2016 var niðurstaðan 10.9% en er nú 54,8%. Dagafjöldi flestra í símenntun var á bilinu 6-20 dagar og meira en 50% hefðu viljað fleiri símenntunardaga.

Opin svör

Í opnum svörum gefst starfsmönnum kostur á að skrá þau atriði sem þeir vilja nefna sérstaklega. Jákvæðu þættirnir eru m.a. jákvætt andrúmsloft, gott aðgengi að stjórnendum, fámennir nemendahópar og auðvelt að leita aðstoðar. Í neikvæðu þáttunum nefna starfsmenn m.a. gæði matar í mötuneyti, einstaka neikvæðir starfsmenn, faglærði þurfi að taka meira tillit til annarra, þröngt húsnæði, skortur á úrræðum vegna nemenda með sérþarfir, stundum sé litið niður á þá sem eru með minni reynslu og kennarar séu að skipta sér af hlutum sem snerta þá ekki.

Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk og var skipt í 4 svarhópa. Hver hópur svaraði einu sinni og svarmánuðirnir voru október, desember, febrúar og maí. Fyrirlögn síðasta hópsins átti að vera í apríl en henni var frestað til seinni hluta maímánaðar vegna COVID-19 og verkfalls skólaliða. Alls voru þátttakendur 174 og af þeim svöruðu 144 sem er 82,8% svarhlutfall. Niðurstöður eftir flokkum má sjá hér fyrir neðan:

Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	135	-0,1	4,7	14.969	0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,9	137	-0,1	4,8	15.011	0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,0	137	-0,4	5,0	15.274	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,2	137	-0,3	4,8	15.270	0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,0	138	0,0	4,8	15.026	0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,8	138	-0,0	4,7	15.263	0,1

Í þessum þætti könnunarinnar mælist ánægja af náttúrufræði marktækt yfir meðaltali sambærilegra skóla. Dreifingin er nokkuð jöfn eftir árgöngum og kynjamunur lítill. Athygli vekur að ánægja af lestri er fyrir ofan meðaltal sambærilegra skóla í 7. – 10. bekk þó ánægjan minnki örlítið í 9. og 10. bekk. Ánægja af lestri hjá útskriftarhópum hefur dalað en útskriftarhópur 2020 fór töluvert upp á við frá því þau voru í 9. bekk.

Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	138	-0,5	4,5	14.993	0,4*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,8	136	-0,4	4,6	14.973	0,2
2.3. Velliðan	4,8	136	-0,2	4,6	15.203	0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	26	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,5	136	0,3	5,4	15.178	0,1
2.6. Tíðni eineltis	13,3%	18 _{/135}	2,8%	12,5%	1915 _{/15123}	0,8%
2.7. Staðir eineltis	-	16	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	43,9%	58 _{/132}	-9,0%	45,6%	6657 _{/14780}	-1,7%
2.9. Hollt mataræði	5,0	134	0,1	4,7	14.912	0,3

Flokkurinn sýnir jákvæðar niðurstöður og sjálfsmynd barnanna mælist töluvert sterk. Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hve mikils virði nemandanum finnst hann vera og strákar eru heldur sterkari í þessari mælingu en stelpur. Það á bæði við um Kópavogsskóla og landið í heild. Líður 2.8 (Tíðni hreyfingar) hefur tekið stökk upp á við

hjá útskriftarhópi 2020 en strákar í 7. bekk skera sig verulega úr og virðast hreyfa sig mjög mikið.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,3	134	-	5,0	14.909	0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,9	134	0,1	4,9	15.134	0,0
3.3. Agi í tímum	4,8	134	-0,4	4,9	15.129	-0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	133	0,0	5,1	15.102	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	134	-	5,0	15.089	0,2

„Samsömun við nemendahópinn“ er ætlað að draga saman viðhorf nemenda til skólans, meta að hve miklu leyti nemendum þykir þeir tilheyra skólanum, að skólinn sé staður þar sem þeim líði vel. Niðurstöðurnar eru jákvæðar og ánægjulegt þróun í þættinum „Tíðni leiðsagnarmats“.

Opin svör

Hér nefndur nemendur það sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann og það sem þeim finnst slæmt eða megi betur fara. Jákvæðu þættirnir eru m.a. vinirnir og starfsfólkið, ákveðnar kennslugreinar, frímínútur og hádegismatartíminn. Neikvæðu þættirnir eru að maturinn er ekki nógu góður, skólinn byrjar of snemma, of mörg próf, of mikið „drama“ hjá sumum nemendum og að mega ekki vera í símanum þegar þeir vilja.

Starfsmannasamtöl

Samtöl við kennara fara yfirleitt fram í febrúar og mars en vegna COVID-19 voru seinustu viðtölin ekki tekin fyrr en í júní. Sum viðtalanna voru tekin með fjarfundabúnaði en öllum stóð til boða að ræða við sinn yfirmann augliti til auglitis. Samtöl við aðra starfsmenn voru tekin í lok maí og byrjun júní en nokkur bíða til haustsins. Í viðtölunum er rætt um líðan og samskipti, óskir um kennslu (á við kennara eingöngu), endurmenntun og búnaðarkaup vegna starfs viðkomandi starfsmanns. Starfsmaðurinn kemur síðan með sín umræðuatriði og allt er þetta rætt með tilliti til breytinga og þróunar. Aðgengi starfsmanna að skólastjórnendum er mikið allt skólaárið og í flestum tilvikum bæta formleg samtöl ekki miklu við það sem áður hafði komið fram í óformlegum samtölum. Ávallt er reynt að bregðast strax við óskum og ábendingum og

því fara formlegu samtölin við kennarana meira út í óskir vegna kennslu næsta skólaárs og atriði því tengd.

Foreldrasamtöl

Skólastjórnendur hafa undanfarin 10 ár boðið foreldrum allra árganga á morgunfundi til að ræða málefni skólans almennt. Þetta féll því miður niður á skólaárinu vegna COVID-19 og verkfalls skólaliða sem leiddi til lokunar skólahúsnæðisins.

Skólastjórnendur eru með fasta mánaðarlega fundi með stjórn foreldrafélagsins og þar er allt er varðar skólastarfið til umræðu nema málefni einstaklinga. Fundirnir eru mjög gagnlegir fyrir báða aðila og eru grunnurinn að því öfluga samstarfi sem er til staðar.

Þróunarstarf í Kópavogsskóla

Á skólaárinu var áfram unnið með þau þróunarverkefni sem hafa verið í gangi og þar eru fjögur stór verkefni sem standa uppúr. Það eru „Þrír stafir“ sem er samstarfsverkefni Kópavogsskóla við þá leikskóla sem flestir nemendur skólans koma frá. Það verkefni er styrkt af Menntasviði Kópavogs og lýkur í júní 2020. Verkefnið „Samvinnunámskrá - samvinna kennara og nemenda við uppbyggingu náms“ er styrkt af Sprotasjóði. Það er samstarfsverkefni nemenda og starfsmanna í Námsveri (sérdeild) Kópavogsskóla. Því verkefni lýkur einnig í júní 2020. Þriðja verkefnið er „Samþætting skólanámskrár og forritunarkennslu“ en vegna COVID-19 hefur þurft að fresta ákveðnum þáttum þess en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að því ljúki haustið 2020. Fjórða verkefnið er Ersmus+ verkefni sem hófst haustið 2018 og átti samkvæmt áætlun að ljúka vorið 2020. Verkefnið er samstarfsverkefni Kópavogsskóla og skóla á Spáni og í Þýskalandi en markmið þess er að fræðast um og bera saman orkugjafa landanna þriggja. Nemendur fæddir 2004 tóku þátt í verkefninu og voru gagnkvæmar heimsóknir á milli landanna þriggja. Vegna COVID-19 náðist ekki að ljúka verkefninu með þeim hætti sem áætlað var og óljóst hvernig lok þess verða.

Áfram var lögð áhersla á þróun kennsluhátta og jákvæða nýtingu á spjaldtölvum í skólastarfinu og „Menntabúðir“, þar sem kennarar kenna og læra hverjir af öðrum, voru í fullu gildi á skólaárinu. „Menntabúðir“ eru samvinnuverkefni grunnskólanna í Kópavogi og hlutu aftur styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir skólaárið 2019-2020.

Kennarar á yngsta stigi vinna áfram að þróun „Byrjendalæsis“ í og svo verður áfram á næsta skólaári.


Könnun á vímuefnaneyslu unglunga

Fyrirtækið Rannsóknir og greining hefur til fjölda ára lagt könnun fyrir nemendur í 8.-10. bekk í mörgum sveitarfélögum landsins, m.a. í Kópavogi. Þar er verið að skoða vímuefnaneyslu, viðhorf foreldra til hennar, samveru foreldra og barna og heilsu og líðan. Könnunin var lögð fyrir í febrúar og niðurstöðurnar eru fyrir Kópavog í heild. Þróun á neyslu vímuefna hefur þróast í rétta átt en hefur ekki verið vandamál til fjölda ára þó áhyggjur af „fikt“ með rafrettur hafi verið til staðar undanfarin ár. Viðbrögð við því á skólaárinu voru aukin fræðsla en ekki náðist að ljúka öllum þáttum sem áætlað var á skólaárinu vegna COVID-19. Áfram verður unnið með fræðslu um rafrettur í forvarnafræðslu skólaársins 2020-2021.

Niðurstöður samræmdra prófa

Nemendur í 4. og 7. bekk þreyttu samræmd próf í lok september 2019 og nemendur 9. bekkjar í mars 2020. Prófin eru rafræn að öllu leyti og nemendurnir notuðu spjaldtölvur við að svara þeim. Framkvæmdin gekk mjög vel og engin tæknileg vandamál komu upp. Menntamálastofnun birtir allar upplýsingar í rafrænum upplýsingagrunni á heimasíðu sinni. Niðurstöðurnar eru stilltar þannig af að landsmeðaltal er 30. Niðurstöður nemenda Kópavogsskóla voru sem hér segir haustið 2019 og vorið 2020:

4. bekkur:



Samræmd einkunn í íslensku er 30 og samræmd einkunn í stærðfræði er 27.


7. bekkur:



Samræmd einkunn í íslensku er 33 og í stærðfræði er hún 30.

9. bekkur:

Breyting varð á prófunum 2017 og eftir það eru þau lögð fyrir nemendur 9. bekkjar í stað 10. bekkjar.




Samræmd einkunn í ensku er 29, samræmd einkunn í íslensku er 28 og í stærðfræði er hún 29.

Þegar niðurstöður samræmdra prófa berast fara skólastjórnendur yfir þær ásamt umsjónarkennurum og sérkennurum. Þar eru lagt mat á þörf fyrir stuðningsúrræði og sérkennslu. Í sumum tilvikum hefur viðkomandi nemandi verið með stuðning en í öðrum tilvikum þarf að endurskoða og breyta. Ef niðurstöðurnar eru mjög óvæntar gagnvart ákveðnu barni er foreldri boðað til fundar og ákveðið hvernig stuðningi verður best háttað. Stundum er lestrarfærni slök og þá skiptir verulega máli að bæði heimili og skóli hjálpi að við að auka hana. Niðurstöðurnar eru alltaf teknar alvarlega og umbótaáætlun gerð til að auka sem mest framfarir nemenda.

Lesferill

Allir nemendur skólans taka matstækið Lesferil þrisvar á hverju skólaári, þ.e. í september, janúar og maí (nemendur 1. bekkjar aðeins í janúar og maí). Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis: hljóðkerfisvitund, lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Vegna COVID-19 var skólasókn nemenda mjög takmörkuð frá byrjun marsmánaðar og fram í byrjun maí og því þarf að taka niðurstöður fyrir maí með fyrirvara. Niðurstöðu fyrir Kópavogsskóla í lok skólaársins má sjá á myndinni:



Niðurstöðurnar sýna töluverðar sveiflur og mikilvægt að efla þátt lestrarkennslu og lestrarþjálfunar í skólastarfinu.

Umbótaáætlun 2020-2021

Teymi um innra mat ræddi niðurstöður mælinga skólaársins á fund sínum í júní. Í samtalinu kom fram mikilvægi þess að velja ákveðna þætti til að vinna með á næsta skólaári og stefna að jákvæðari niðurstöðu þeirra skólaárið 2019-2020. Margir þeirra eru tengdir eins og fram kemur hér fyrir neðan:

Efnispáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Gott aðgengi starfsmanna að upplýsingum	Upplýsingar sem eiga erindi til allra verða birtar í vikupóstum og á Workplace auk starfsmannasíðu. Tölvupóstur nýttur til samskipta við einstaklinga og fámennari hópa.	Skólastjórnendur	Alltaf virkt	Könnun í lok annar
Hlutverk allra starfsmanna verði skýr og ekki ágreiningur um hlutverk á milli starfsheita.	Starfslýsingar allra starfsmanna verði aðgengilegar fyrir alla starfsmenn. Starfslýsingar yfirfarnar og kynntar á fundum í upphafi skólaárs.	Skólastjórnendur	Alltaf virkt. Rætt á starfsdeg í 5. okt	Allar starfslýsingar verði aðgengilegar á starfsmannasíðu yfirfarnar reglulega

Skólastjórnendur fylgjast með starfi í kennslustofum ræði við kennara um kennsluna.	Heimsóknir skólastjórnenda í kennslustofur skipulagðar til lengri tíma og tryggt að allir verði heimsóttir. Minnispunktur skráðir í hverri heimsókn og rætt við kennara í framhaldinu	Skólastjóri	Alltaf virkt. Heimsóknir byrjuði í sept.	Mat lagt á gagnsemi heimsóknarinnar í starfspróunarsamtali viðkomandi kennara.
Samband nemenda og kennara styrkt	Unnið verði í að efla jákvætt samband nemenda og kennara með einstaklingssamtölum	Deildarstjórar stiga - Stýrihópur um Uppeldi til ábyrgðar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins í lok skólaárs
Markvist verði unnið að því að styrkja sjálfsmynd nemenda	Nemendur fái tækifæri til aukins sjálfstæðis við nám og að útskýra hugmyndir sínar og eigin þarfir. Aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga.	Umsjónarkennarar	Alltaf virkt. Heimsóknir skólaárshófst í september	Niðurstöður Skólapúlsins í lok skólaárs
Agi í kennslustundum	Aukinn jákvæður agi í kennslustundum. Markviss fræðsla kennara til nemenda um samskipti.	Deildarstjórar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins í lok skólaárs

	Skólastjórnendur fylgist markvisst með vinnu í kennslustofum.			
Markvisst starf gegn einelti	Skipulögð fræðsla með aðstoð sérfræðinga fyrir alla árganga allt skólaárið	Umsjónarkennarar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins
Efla væntingar starfsmanna til starfsins og gera markmið starfsins skýrari	Skólastjórnendur leggi áherslu á þennan þátt í samskiptum við starfsmenn	Skólastjórnendur	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins
Efla stuðning kennara við nýsköpun og upplýsingatækni	Skólastjórnendur ræði við kennara um með hvaða hætt best sé að aðstoða þá við nýsköpun. Þátttaka í Utis online	Skólastjórnendur	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins
Efla áhuga á stærðfræði	Stærðfræðikennarar ræði mikilvægi stærðfræðinnar markvisst við nemendur	Stærðfræðikennarar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins
Efla trú nemenda á eigin námsgetu	Kennarar og aðrir starfsmenn leggi áherslu á jákvæða þætti og sjálfstyrkingu í	Allir kennarar	Alltaf virkt	Niðurstöður Skólapúlsins

	samtölum við nemendur.			
--	---------------------------	--	--	--

Innra mat skólaárið 2020-2021

- Kynning á niðurstöðum fyrir skólaárið 2019-2020 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2020-2021
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra
- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
- Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
- Skólastjórnendur hitta foreldra barna í hverjum árgangi og ræða málefni árgangsins.
- Reglulegir fundir með stjórn foreldrafélags skólans
- Umræðufundir kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi um kennsluhætti og þróun á viðkomandi stigi.
- Kennarafundum skipt upp og hluti faglegrar umræðu aukinn.
- Reglulegar heimsóknir skólastjórna í kennslustundir
- Formleg samtöl skólastjórna við starfsmenn.
- Umræðufundir í framhaldi af niðurstöðum kannana vetrarins.

Innra mat – áætlun 2019-2022

- Skólaárið 2019-2020
 - Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur og starfsfólk
 - Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
 - Niðurstöður samræmdra prófa
 - Lesferill
- Skólaárið 2020-2021
 - Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur
 - Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra

- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

· Skólaárið 2021-2022

- Könnun Skólapúlssins lögð fyrir nemendur
- Könnun Skólapúlssins lögð fyrir starfsfólk
- Könnun námsráðgjafa um tengsl nemenda og einelti og líðan lögð fyrir í öllum árgöngum
- Niðurstöður samræmdra prófa
- Lesferill

Lokaorð

Starf grunnskóla er flókið og hefur áhrif á nemendur, foreldra og starfsfólk. Mikilvægt er að mat á skólastarfi sé nýtt til að greina, bæta og þróa og áhersla lögð á að bregðast við niðurstöðunum. Skólastarf á að taka breytingum og raddir allra sem að starfinu koma þurfa að heyrast. Því þarf að líta á matið jákvæðum augum og horfa til þeirra tækifæra sem það hefur í för með sér fyrir skólasamfélagið. Umbótaáætlun skólaársins er liður í því og mikilvægt að allir sé samstíga í að koma henni í framkvæmd.